



## Tilmæli 33/2018

<b>Fyrri skjalsnúmer</b>	A 1776/holdbart
<b>Afgreiðsla</b>	Norræna sjálfbærninefndin
<b>Fylgiskjal</b>	A 1776/holdbart: Nefndartillaga um áhrif Norðurlanda í viðræðum um alþjóðlegan samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika

**Þróun fyrirkomulags varðandi áhrif Norðurlanda í viðræðum um alþjóðlegan samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika**  
Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 31. október 2018 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu sjálfbærninefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að eiga samstarf við Norðurlandaráð, Norrænu barna- og ungmennanefndina (NORDBUK) og Norðurlandaráð æskunnar um þróun fyrirkomulags og umsjón með sameiginlegum norrænum viðburðum í því skyni að virkja unga fólk í vinnu að alþjóðlegum samningi um líffræðilegan fjölbreytileika og kanna möguleikana á að hasla hugmyndinni völl á alþjóðavettvangi.*

Kaupmannahöfn, 6. nóvember 2018

*Michael Tetzschner*

Forseti Norðurlandaráðs

*Britt Bohlin*

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs